



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/210
komudagur 17.11.2011

Reykjavík 17. nóvember 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sókn í atvinnumálum, 10. mál.

Samtök atvinnulífsins taka heils hugar undir markmið tillögunnar enda eru fjölmargar þeirra aðgerða í atvinnumálum sem felast í tillögunni í ágætu samræmi við tillögur sem samtökin hafa flutt á undanförunum árum. Tillögur SA má meðal annars finna í nýlegu riti: RJÚFUM KYRRSTÖÐUNA. LEIÐIR TIL BETRI LÍFSKJARA.

Lykiláðgerðir þingsályktunartillögunnar felast í kafla um efnahags- og skattamál þar sem m.a. er lagt til að losað verði um gjaldeyrishöftin sem fyrst, hlutabréfamarkaður endurreistur og að skattkerfið verði endurskodað með samkeppnishæfni að leiðarljósi. Þótt einungis tækist að hrinda þessu í framkvæmd yrði það stórt skref til framfara frá núverandi stefnu stjórnvalda.

Margar aðgerðir sem í tillögunni felast eru jákvæðar en aðrar eru síðri. Til dæmis verður fjármálakerfið að byggjast upp með alþjóðleg samskipti og samkeppnishæfni að leiðarljósi, aðstæður í landbúnaði kalla á breytingar og áhersla á að efla opinberar stofnanir er ekki vænlegasta leiðin til að styrkja atvinnulífið.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri